

A 1705/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um

**Þingmannatillögu
um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs**

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að auka fjárveitingu til norrænu þýðingastyrkjanna;

að hin aukna fjárveiting verði eyrnamerkt til þýðingar á verkum sem hljóta bókmenntaverðlaun og barna- og unglingsbókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Forsaga

Flokkahópur jafnaðarmanna lagði þann 31. október 2016 fram þingmannatillögu um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún tryggi að tilnefnd verk til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og barna- og unglingsbókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs – eða að lágmarki þau verk sem hreppa verðlaunin – verði þýdd á öll norrænu málin og gefin út á rafrænu formi hið minnsta.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin tók þingmannatillögu flokkahóps jafnaðarmanna um *bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs* til fyrstu afgreiðslu á fundi nefndarinnar í Ósló þann 25. janúar 2017. Aðdragandinn að þingmannatillögunni er sá að margar þeirra bóka sem eru tilnefndar til eða hljóta bókmenntaverðlaun og barna- og unglingsbókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs eru ekki þýddar á önnur norræn mál.

Könnun sem unnin var af norska ríkissjónvarpinu (NRK) leiddi í ljós að ef tíu síðustu verðlaunabækur hefðu verið þýddar á hin málin hefðu 70 þýðingar verið gerðar, en í raun komu út 35 þýðingar. Engin verðlaunabókanna hefur verið þýdd á grænlensku eða samísku. Skipting á önnur tungumál er sem hér segir:



- 1 verk er ekki þýtt á norsku
- 0 verk er ekki þýtt á sænsku
- 1 verk er ekki þýtt á dönsku
- 5 verk eru ekki þýdd á finnsku
- 3 verk eru ekki þýdd á íslensku
- 5 verk eru ekki þýdd á færeysku

Nefndin ákvað að fresta frekari afgreiðslu þingmannatillögunnar þangað til að afstöðnu málþinginu „Oversatt eller oversett“, sem haldið var í tengslum við bókmenntahátíðina í Lillehammer í maí, til að fá fram fleiri innlegg og sjónarmið. Málþingið sóttu m.a. formaður nefndarinnar og sérfræðingar frá bókmenntamiðstöðvum í norrænu löndunum, sem starfa að kynningu norrænna bókmennta erlendis. Þar voru ræddar árangursríkar leiðir til að auka hróður norrænna bókmennta í löndunum. Þátttakendur í pallborðsumræðum á málþinginu voru á einu máli um að bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs væru mikilvægt verkfæri í þessu sambandi og að verðlaunin þættu gæðastimpill. Í Noregi hefur borið á auknum áhuga á norrænum barna- og unglingabókmenntum síðan stofnað var til verðlauna í þeim flokki.

Sérfræðingarnir voru sammála um að Norræna ráðherranefndin gæti ekki tekið ákvörðun um að allar verðlaunabækurnar skyldu þýddar, þar sem bókaútgefendur tækju slíkar ákvarðanir með hliðsjón af gæðum verka og markaðssjónarmiðum. Þó ríkti um það víðtæk samstaða meðal sérfræðinganna að norrænir þýðingastyrkir sköpuðu hvata fyrir útgefendur til að gefa út bókmenntir sem skrifaðar væru á öðrum norrænum málum. Einnig voru sérfræðingarnir sammála um að skoða yrði þýðingar norrænna bókmennta á önnur norræn mál í stærra samhengi. Þar kæmi m.a. til bolmagn forlaganna til markaðssetningar í hinum löndunum og svigrúm bókmenntamiðstöðvanna til kynningar á norrænu þýðingastyrkjunum, auk framboðs á hæfum þýðendum. Sérfræðingarnir töldu einnig að aukning á fjárveitingu til norrænu þýðingastyrkjanna, sem í dag nemur 3,1 milljón DKK í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar, myndi skila árangri. Þá kváðust þeir líta það jákvæðum augum að aukin fjárveiting til þýðingastyrkjanna yrði eyrnamerkt þýðingum á tilnefndum bókum og verðlaunabókum Norðurlandaráðs.



Sjónarmið nefndarinnar

Á grundvelli þess sem fram kom hjá sérfræðingunum á málþinginu „Oversatt eller oversett“ á bókmenntahátíðinni í Lillehammer í maí 2017 hefur þekkingar- og menningarnefndin ákveðið að breyta upphaflegum málslið þingmannatillögunnar til eftirfarandi vegar:

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að auka fjárveitingu til norrænu þýðingastyrkjanna;

að hin aukna fjárveiting verði eyrnamerkt til þýðingar á verkum sem hljóta bókmenntaverðlaun og barna- og unglingsbókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

Reykjavík, 20. september 2017

Angelika Bengtsson (SD)

Annette Lind (S)

Eva Sonidsson (S)

Iddimanngiu Bianco (IA)

Johan Andersson (S)

Johanna Karimäki (gröna)

*Jorodd Asphjell (A) **formaður***

Lars-Arne Staxäng (M)

Norunn Tveiten Benestad (H)

Pauli Trond Petersen (T)

Peter Johnsson (S)

Tony Wikström (ÅSD)